

Landvarsla á Látrabjargi og nágrenni sumarið 2013



Starfsemi Umhverfisstofnunar á Látrabjargssvæðinu sumarið 2013

Sumarið var blautt og ekki mjög hlítt. Samt sem áður var fjölgun á ferðamönnum miðað við síðastliðið sumar og þá aðalega í báða enda, þ.e. fyrri- og seinnipart sumars. Nýtt hótél var opnað á Patreksfirði í vor og hefur það án efa áhrif á aukna umferð á Látrabjarg. Sökum þess að sumarið var blautt þá var álag á göngustígum á Bjargtöngum meira og oft á tíðum myndaðist leðja við Ritugjá. Fjölgun var einnig á næturgestum á Brunnum og kallaði það á tíðari þrif á salernisaðstöðu sem landverðir höfðu umsjón með.



Starfsmenn Látrastofu sumarið 2013. Hákon, Yvonne og Dagný.

Dagný Bryndís Sigurjónsdóttir var ráðin til landvörslu á svæðinu frá 14. júní – 23. ágúst. Þetta er lenging um tvær vikur frá fyrra ári sem stafar af auknu fjármagni úr ríkissjóð í landvörslu á landvísu. Dagný var með aðsetur í Breiðavík. Hákon sinnti einnig landvörslu á svæðinu eins og undanfarin sumur ásamt í Vatnsfirði, Surtabrandsgili og á Dynjanda. Eftirlit var aukið á Rauðasandi af ósk landeigenda þar vegna aukins ferðamannastraums þangað. Ferðamenn voru almennt ánægðir með að landverðir voru á svæðinu og leituðu mikið til okkar eftir upplýsingum um svæðið. Einnig urðu landverðir oft að hafa afskipti

af ferðamönnum sem fóru ekki eftir lögum og reglum og má þar nefna utanvegarakstur, næturdvöl utan tjaldsvæða o.fl. Ferðamannatíminn gekk stórslysalaust fyrir sig fyrir utan nokkrar bílveltur og útafakstur en engin slys urðu á fólki. Vegurinn var tvisvar heflaður í sumar en betur má ef duga skal. Oft var hann torfær sem var þess valdandi að bílstjórar misstu stjórn á bílum sínum.

Störf landvarða

Helstu störf landvarða var eins og síðastliðið sumar eftirlit með ferðamönnum, náttúru og dýralífi, ruslatínsla, þrif á salernum á Brunnum ásamt fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna. Gerð var könnun á fjölda ferðamanna á Bjargtanga í júlí. Miðað var við komur alla daga frá kl. 9 – 21:00. Niðurstöður úr þeim talningum eru að tæplega 11.000 ferðamenn komu á Bjargtanga í júlí. Reikna má því með að í júní-júlí og ágúst hafi rúmlega 30.000 ferðamenn komið. Upplýsinga- og fræðsluskilti sem voru á safninu á Hnjóti voru flutt á Bjargtanga og fest á vegginn á vélarhúsi við vitann. Þetta eru skilti sem upphaflega áttu að vera á Bjargtöngum (sjá mynd á næstu síðu). Einnig voru sett upp skilti sem banna næturdvöl á svæðinu og virðist það hafa skilað sér vel og ekki var vart við að neinn gisti á Bjargtöngum. Síðastliðið sumar voru landverðir stöku sinnum varir við að gestir voru með hunda á Bjargtöngum og skeyttu engu um það þó hundarnir gerðu aðsig að lundanum og jafnvel gerðu tilraun til að grafa upp holur þeirra. Landverðir ræddu þetta við nokkra landeigendur á svæðinu og voru allir sammála um að



Bílastæði á Bjargtöngum.

banna hunda á Bjargtöngum, sérstaklega á varptíma og sett var upp skilti því til viðvörunar. Í lang flestum tilvikum virða hundaeigendur það og sýna því skilning. Síðasta sumar urðu landverðir varir við að nýjir stígar voru að myndast út frá bílastæði upp að Ritugjá. Í sumar var brugðið á það ráð að setja upp kaðalgirðingu meðfram bílastæðinu að ofan verðu og þannig stýra gangandi umferð inn á megin gönguleið. Það hefur gengið upp og aflögu stígar eru að gróa upp aftur.



Upplýsinga og fræðsluskilti frá Hnjóti.



Lína til að afmarka svæði lundans.

Í fyrra sumar gerðu landverðir tilraun með að afmarka varpsvæði lundans á bjargsbrúninni frá vitanum að Ritugjá með hvítu línu. Ástæðan var sú að ferðamenn voru farnir að þjarma verulega að lundanum og einnig að það er hættulegt að standa á brúninni þar sem hún er víða laus í sér. Þetta virkaði vel og ákveðið var að gera þetta aftur í sumar og einnig að setja skilti til leiðbeiningar eins og sést á myndinni hér að ofan. Ferðamenn hafa almennt farið eftir

þessum fyrirmælum og margir líta á þetta sem öryggislínu.



Dagný ofan Geldingsskorardals.

Í Geldingsskorardal var klárað að merkja nýja gönguleið frá bílastæði sem færð var ofar í landi. Við bjargsbrúnina þar sem leiðin endar settum við staur sem vísar á gönguleið meðfram bjarginu til beggja átta (sjá mynd hér til hliðar). Einnig settum við á þennan staur viðvörunarmerki um að framundan væri bjargsbrún. Þegar þokan er sem þykkust er stundum erfitt að átta sig á hvar brúnin er og þá er þessi staur við enda gönguleiðar frá bílastæði ferðamönnum til varúðar. Við upphaf gönguleiðarinnar settum við bráðabyrgðar skilti með upplýsingum um gönguleiðina ásamt útskýringu á því hvers vegna ákveðið var að færa gönguleið ofar í landið. En það er vegna þess að gamla leiðin er það illfær og stígurinn breikkar stöðugt.

Við veginn niður í Keflavík var sett upp viðvörunarskilti sem segir „Illfær vegur“ og bent á að vegurinn sé einungis fær jeppum. Áður hafði verið samskonar skilti þar en hvarf fyrir nokkrum árum síðan. Þetta varð til þess að ferðamenn aka ekki á fólksbílum niður í Keflavík heldur leggja bílnum upp á hæðinni og ganga niður. Upphaf gönguleiðar úr Keflavík um Staður yfir í Breiðavík var stikuð að fyrstu vörðu eða þar sem göngustígur verður greinilegur. Fengum við leiðsögn frá landeigenda hvar þessi

gönguleið byrjar í Keflavík.

Landverðir voru með ýmiskonar uppákomur í sumar og má þar nefna:

- 16. júní: Dagur hinna villtu blóma. Tveggja tíma ganga um brúnir Látrabjargs þar sem gestum gafst tækifæri til að fræðast um flóru svæðisins.
- 20. júlí: Friðlýstar náttúruperlur í Vesturbyggð. Fyrirlestur á Minjasafni Egils Ólafssonar.
- 28. júlí: Barnastund með landverði við Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti.
- 31. júlí: Alþjóðadagur landvarða. Landverðir buðu almenningi að gerast landverðir í einn dag með því að taka þátt í daglegum störfum landvarða í Vatnsfirði.
- 25. ágúst: Náttúra Látrabjargs, verndargildi og landvarsla. Fyrirlestur á Minjasafni Egils Ólafssonar .

Landverðir eru í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarað um að vakta fuglalíf á svæðinu. Það kom í ljós að varp ritunnar misfórst að miklu eða öllu leiti. Í Ritugjá virðist sem enginn rituungi hafi komist á legg. Ekki er vitað hvað veldur en líklegt er að það sé fæðuskortur. Varp hjá svartfuglinum virðist hafa komið ágætlega út og einnig hjá fýlnum. Erfitt er að segja til um varp hjá lundanum, en við töldum reglulega lunda sem sátu á bjargsbrúninni frá Vita að



Dauðir rituungar.



Haftyrdill.

Ritugjá. og var mestur fjöldi 181. Landverðri voru varir við fálka í Látravík og einnig lenti örmagna haftyrdill snemm vors á Bjargtöngum en hressstí fljótlega og flaug á haf út.

Störf sjálfbóðaliða

Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar voru í tvær vikur að störfum á Látrabjargssvæðin í sumar. Þetta voru sjálfbóðaliðar frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Skotlandi, Þýskalandi, og Austurríki.



Sjálfbóðaliðar ásamt landvörðum í Sólstöðugöngu.

Verkefni sem þau unnu að með aðstoð landvarða voru áframhaldandi viðhald á steintröppum við Ritugjá þar sem eldri tröppur voru lagfærðar og bætt við nokkrum nýjum. Ástand göngustígsins var ekki gott í sumar eins og áður segir vegna örbleytu. Næsta sumar er stefnt á að bæta malarefni í stíginn við Ritugjá til að draga úr leðjumyndun, einnig að laga og bæta við fleiri þrepum.

Við vitan á Bjargtöngum voru settar steinflísar sem fundnar voru til á Látraheiði. Grasið næst vitanum var illa farið af traðki og kom vel út að setja þar steinflísar í staðinn (sjá myndir á næstu síðu).



Bjartangarviti fyrir.




Bjartangaviti eftir.

Í Geldingskorardal var unnið að uppgræðslu á gömlu gönguleiðinni með því að flytja mosa af svæði sem þolir að þar sé tekin mosi og sett í sárið á stígnum. Einnig var upphaf nýja göngustígsins gert greinilegt með malarefni (sjá myndir hér að neðan). Þessi gönguleið er vinsælt að fara og ganga margir alla leið út á Bjartanga.



Mosaflutningur.



Malarefni sett í göngustíg.

Í Breiðavík voru sjálfboðaliðar í lúpínueyðingu. Á svæðinu fyrir ofan kirkjuna er talsvert mikið af lúpínu og er hún að dreifa sér víðar um svæðið. Á hluta svæðisins voru plönturnar stungnar upp með rótum en annars voru þær klipptar niður til að koma í veg fyrir að þær þroskuðu fræ og dreifi sér meira. Haldið verður áfram lúpínueyðingu á næsta ári.

Lokaorð

Álag á Bjartöngum vegna aukins ferðamannastraums hefur aukist. Svæðið er ekki í stakk búið til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Með lagfæringu á göngustígum og stýringu á umferð um svæðið, hefur hjálpað til við að draga úr álagi. Almenn ganga ferðamenn vel um landið og fylgja reglum, en ekki allir. Landverðir hafa átt samskipti við marga þeirra og komið þeim í skilning um mikilvægi þess að ganga vel um, trufla ekki dýralíf af óþörfu og að fylgja skilgreindum gönguleiðum til að draga úr álagi á gróður á svæðinu og er því almennt vel tekið. Landverðir hafa átt í góðu samstarfi við landeigendur og vonum við að það sé gagnkvæmt. Landverðir starfa á svæðinu í umboði landeigenda og leggjum við mikið upp úr því að eiga í góðum samskiptum við alla. Ekki gafst tími til að heilsa upp á alla landeigendur sem voru á svæðinu í sumar en þó hefur drjúgur tími farið í spjall og mikið kaffi drukkið sem er ekki síður mikilvægt og gerir starfið skemmtilegra.